

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 12. júlí 1982

um breytingu á tilskipun 78/663/EBE um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum

(82/504/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

greina hreinleikaskilyrði fyrir þessi efni og breyta lýsingu á efninu E 460.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

Í tilskipun 78/663/EBE er kveðið á um að ráðinu sé heimilt, með samhljóða samþykki, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að ákveða fyrir 31. desember 1981 nauðsynlegar breytingar vegna efnanna E 474 og E 477.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/329/EBE frá 18. júní 1974 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 80/597/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 7. gr.,

Hreinleikaskilyrði fyrir efnin E 400, E 401, E 402, E 403, E 404 og E 405 ber að aðlaga að framförum í vísindum, einkum í greiningaraðferðum.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

Í tilskipun ráðsins 78/663/EBE <sup>(3)</sup> eru sett fram sérstök hreinleikaskilyrði fyrir ýru-, bindi-, þykkingar- og hleypiefni til notkunar í matvælum.

I. gr.

Með tilskipun 80/597/EBE er I. viðauka við tilskipun 74/329/EBE breytt þannig að xantangúmmí (E 415) og sellulósaduft (E 460 — ii)) er heimilað. Því ber að skil-

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 78/663/EBE:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Að því er varðar efni sem vísað er til í viðaukanum undir E 477 geta aðildarríkin, til 31. desember 1984, heimilað, til notkunar í matvæli, framleiðsluvöru sem ekki inniheldur meira en 4% tvíliður og þríliður af própan-1,2-díóli.“

2. Breyta skal viðaukanum sem hér segir:

a) Undir E 400, E 401, E 402, E 403, E 404 og E 405 falli brott atriði er varða efni sem óleysanlegt er í NaOH og í stað texta varðandi ösku sem óleysanleg er í sýru komi „Ekki meira en 2%“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 189, 12. 7. 1974, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 155, 23. 6. 1980, bls. 23.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 223, 14. 8. 1978, bls. 7.

b) Eftirfarandi bætist við milli E 414 og E 420 — i):

**„E 415 — Xantangúmmí**

<i>Kemísk lýsing</i>	Xantangúmmí er fjölsykrugúmmí með háa sameindþyngd framleitt með gerjun kolvetna í hreinrækt <i>Xanthomonas campestris</i> , hreinsað við heimtur með etanóli eða ísóprópanóli, þurrkað og malað. Það inniheldur D-glúkósa og D-mannósa sem megin hexósaeyningar ásamt D-glúkúrónsýru og píruvín-sýru og er lagað sem natríum-, kalíum- eða kalsíumsalt. Upplausnir þess eru hlutlausar.
<i>Lýsing</i>	Rjómalitað duft.
<i>Magn</i>	Xantangúmmí gefur frá sér, miðað við órokgjarnt efni, ekki minna en 4,2% og ekki meira en 5,0% af koldíoxíði.
<i>Rokgjarnt efni</i>	Ekki meira en 15% ákvarðað með þurrkun við 105°C í 2½ klukkustund.
<i>Aska</i>	Ekki meira en 16%, miðað við órokgjarnt efni, ákvarðað við 600°C eftir þurrkun við 105°C í fjórar klukkustundir.
<i>Pýruvín-sýra</i>	Ekki minna en 1,5%.
<i>Köfnunarefni</i>	Ekki meira en 1,5%.
<i>Ísóprópanól</i>	Ekki meira en 750 mg/kg.
<i>Örverufræðileg skilyrði</i>	Lifandi frumur <i>Xanthomonas campestris</i> skulu ekki vera til staðar.“

c) Númerið „E 460“ verði „E 460 — i)“.

d) Eftirfarandi bætist við milli E 460 — i) og E 461:

**„E 460 — ii) Sellulósaduft**

<i>Kemísk lýsing</i>	Sellulósaduft er hreinsaður, vélrænt mulinn sellulósi tilreiddur með vinnslu alfa-sellulósa sem fengin er beint úr trefjakenndu jurtaefni. Sameindþyngd þess er $1,6 \times 10^5$ eða meiri.
<i>Lýsing</i>	Hvítt, lyktarlaust duft.
<i>Magn</i>	Ekki minna en 92% $(C_{12}H_{20}O_{10})_n$ .
<i>Rokgjarnt efni</i>	Ekki meira en 7% ákvarðað með þurrkun við 105°C í þrjár klukkustundir.
<i>pH</i>	Um það bil 5 g ásamt 40 ml af koldíoxíðlausu vatni eru hrist í 20 mínútur og sett í skilvindu. pH ofanáfljótandi lausnarinnar er milli 5,0 og 7,5.
<i>Súlfatmettuð aska</i>	Ekki meira en 0,3% ákvarðað við $800 \pm 25^\circ\text{C}$ .
<i>Vatnsleysanleg efni</i>	Ekki meira en 1%.“

e) Undir E 474:

- Í stað síðustu setningar textans í atriði því sem á við kemíska lýsingu komi eftirfarandi:  
„Engir aðrir lífrænar leysar en sýklóhexan, dímetýlformamíð, etýlasetat, ísóbútanól og ísóprópanól skulu notaðir við tilreiðslu þeirra.“
- Eftirfarandi nýju atriði skal bætt við:

„Heildarmagn sýklóhex-  
ans og ísóbútanóls:

Ekki meira en 10 mg/kg hvort  
um sig eða í blöndu.“

f) Í stað atriðis varðandi tvíliður og þríliður própan-1,2-díóls undir E 477 komi eftirfarandi:  
„Ekki meira en 0,5%.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 1. janúar 1984. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. júlí 1982.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. NØRGAARD

*forseti.*